



## Þingskjal nr. 4

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir reglugerð um dómara í hestaíþróttum er verði hluti af nýrri reglugerð um mótahald á Íslandi.

*a. Reglugerðin orðist svo:*

#### 1.1 Reglugerð um dómara í hestaíþróttum

##### 1.1.1 Dómarar

Dómarar sjá um að farið sé eftir reglum, að mót séu haldin í góðum íþrótaanda og að velferð hestsins sé í fyrirrúmi öllum stundum. Til að öðlast dómararéttindi skulu dómarar hafa lokið dómaraprófi og hlotið viðurkenningu stjórnar LH sem gæðingadómari eða íþróttadómari. Íþróttadómarar dæma á íþróttamótum, gæðingadómarar dæma á gæðingamótum.

##### 1.1.2 Dómararéttindi

Dómarar við gæðingakeppni og íþróttakeppni skulu hafa lokið dómaraprófi og hlotið viðurkenningu stjórnar LH sem gæðinga- eða íþróttadómarar. Dómararéttindi eru stigskipt. Íþróttadómarar skiptast í héraðsdómara, landsdómara og alþjóðadómara FEIF. Gæðingadómarar skiptast í félagsdómara og landsdómara. LH ber ábyrgð á menntun, endurmenntun og löggildingu héraðs-, félags, og landsdómara en FEIF ber ábyrgð á menntun, endurmenntun og löggildinu alþjóðadómara.

*Réttindi gæðingadómara:*

- a) Félagisdómari hefur rétt til að dæma öll almenn gæðingamót, þó ekki landsmót og fjórðungsmót
- b) Landsdómari hefur rétt til að dæma á öllum gæðingamótum sem haldin eru af LH eða aðildarfélögum þess

*Réttindi íþróttadómara:*

- a. Héraðsdómari hefur rétt til að dæma öll almenn íþróttamót, þó ekki WR-mót, Íslandsmót og Landsmót.
- b. Landsdómari hefur rétt til að dæma á öllum íþróttamótum sem haldin eru af LH eða aðildarfélögum þess.

Til að öðlast og viðhalda dómararéttindum þarf viðkomandi að standast dómarapróf á vegum LH og standast kröfur sem settar eru af Dómaranefnd LH. Dómaranefnd LH gefur út lista yfir virka dómara og birtir á vefsíðu LH ár hvert.



[Áður gr. 2.8.9.2 Dómarar] Dómarar, sem án gildrar ástæðu, mæta ekki til starfa og tilkynna ekki forföll, eiga á hættu að missa dómararéttindin í allt að sex mánuði. Sama gildir og ef dómari sýnir vítaverða framkomu gagnvart keppendum, starfsmönnum eða áhorfendum. Dómarar skulu tilkynna forföll með a.m.k. 3 sólarhringa fyrirvara til dómarafélaganna.

Um alþjóðadómaraéttindi vísast til gr. G2.2 í reglum FEIF.

### 1.1.3 Skipun dómara á mót

Aðildarfélag LH sækja um dómara á lögleg mót til Dómaranefndar LH í síðasta lagi 7 dögum fyrir upphaf móts. Dómaranefnd hefur heimild til að fela Hestaíþróttadómarafélagi Íslands og Gæðingadómarafélagi LH úthlutun dómara á mót.

### 1.1.4 Um hæfi dómara

Um hæfi dómara skal farið eftir hæfisreglum stjórnssýslulaga. Um dómara gilda siðareglur LH, FEIF og ÍSí. [áður gr. 7.4.2] Dómari má ekki eiga hest í keppni á Íslandsmóti, lands- eða fjórðungsmóti, í þeim flokki sem hann dæmir.

*b. Eftirfarandi greinar falla brott:*

2.8.4, 2.8.9.2, 7.4.1 og 7.4.2.

### Greinargerð

Reglugerð um dómara í hestaíþróttum verður hluti af sér reglugerð um mótahald á Íslandi. Reglugerðin kemur í stað greina 2.8.4 um skipun dómara, 2.8.9.2 um dómara, 7.4.1 um Dómara og dómnefnd í gæðingakeppni og 7.4.2 um dómara og dómstörf í gæðingakeppni.

Með reglugerðinni er verið að skilgreina og skýra hlutverk dómara í hestaíþróttum, dómaraéttindi og skipun dómara á mót.

Er hlutverk reglugerðarinnar að samræma kafla sem verið hafa á fleiri stöðum í regluverki LH á einn stað.

Er ætlunin að einfalda og skýra stöðu dómaramála í regluverki LH og koma í veg fyrir að einstaka lög og reglur stangist á eða misræmi myndist.

Í reglugerð þessari felst ekki efnisleg breyting á hlutverkum dómara innan regluverks LH frá því sem verið hefur. Undanfarin ár og misseri hefur það verklag verið við lýði að dómaranefnd LH hefur falið dómarafélagunum (HÍDÍ og GDLH) að sjá um menntun, endurmenntun og úthlutun dómara á mót og hefur það verklag þótt takast vel og eru ekki fyrirsjáanlegar forsendur fyrir því að til þurfi að koma breytingar á því verklagi.